



Lagt fyrir 390. fund velferðaráðs þann 20. janúar 2020

VEL2020110021

RÁ/bm

Svar

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Fyrirspurn Flokks fólksins um næringu í máltíðum til eldri borgara

Á fundi velferðarráðs þann 18.nóvember lagði fulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar að vita hvernig velferðarsvið er að bregðast við kröfu um aukna næringu til eldri borgara sem fá heimsendan mat nú þegar covid aðstæður hafa staðið vikum saman og fólk ekki að geta farið út eins og það er kannski vant. Í umræðunni hefur verið hvort heimsendur matur til eldri borgara sé nógu næringarríkur. Dæmi eru um að eldri borgari sem fær heimsendan mat hefur þurft að fara á sjúkrahús vegna næringarskorts. Skoða þarf bæði samsetningu matarins og framleiðslu hans í þessu sambandi. Einnig ætti að vera sjálfsagt að bjóða upp á næringardrykki með matnum og umfram allt á að vera val, t.d. á fólk að hafa val um hvort það vill meira eða minna grænmeti. Nú hefur ríkt einstakt ástand og eru jafnvel enn meiri líkur á að eldri borgarar þurfi sérstaklega mikinn og næringarríkan mat vegna færri ferða út úr húsi til að forðast COVID smit.

Svar:

Óháður aðili vinnur nú úr niðurstöðum á úttekt á næringarinnihaldi heimsends matar á velferðarsviði og ber það saman við niðurstöðu ráðlegginga Embættis landlæknis. Skýrsla úttektaraðila mun liggja fyrir á næstunni.

Jafnframt er teymi árangurs- og gæðamats á velferðarsviði að vinna að niðurstöðum þjónustukönnunar á heimsendum mat á meðal notenda sem gerð var í nóvember síðastliðinn. Þar er kannað hvernig maturinn og þjónustan mætir þörfum fólks og hvar tækifæri eru til úrbóta. Velferðarsvið mun kynna niðurstöður beggja úttekta á fundi velferðarráðs þann 3. febrúar næstkomandi.

Ef upp koma neyðartilfelli t.d. íbúi í sóttkví vegna Covid-19 og viðkomandi hefur engin ráð til að nálgast matvæli umfram heimsenda matinn hefur starfsfólk heimaþjónustu Reykjavíkurborgar í samvinnu við starfsfólk eldhússins á Vitatorgi brugðist við því.